

Kennsluleiðbeiningar Tungumál og reynsla


Stig 1

2

3



Þetta er fyrsta skrefið í Stöðumati á þekkingu nemenda af erlendum uppruna. Til þess að taka ákvörðun um hvaða nemendahópi nemandi af erlendum uppruna á að tilheyra þarf að leggja fyrir Stig 1 og Stig 2 í Stöðumatinu. Niðurstöðurnar sýna þekkingu og reynslu nemandans og eru grunnur að undirbúningi kennslu og einnig þess hvernig skipta ber kennslutímum milli námsgreina.



Upplýsingar um öll stig Stöðumatsins er að finna í *Upplýsingum til skólastjóra og kennara um Stöðumatið og mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna*.

Áður en þú leggur fyrir Stöðumat um tungumál og reynslu nemandans þarf þú að kynna þér hvernig efnið er byggt upp og hvert markmiðið er með hverjum hluta. Framkvæmið Stöðumatið sem viðtal þannig að nemandinn upplifi það ekki sem próf eða yfirheyrslu. Til er myndefni um fyrirhögn Stöðumatsins og dæmi um hvernig viðtalið getur farið fram.

Matið í Stigi 1 gefur skólanum mynd af tungumálaþekkingu nemandans og reynslu, út frá frásögn og lýsingu nemandans og forráðamannsins. Viðtalið byggir á hluta úr námskránni (sænskri námskrá).

„Kennsluna skal laga að hæfni og þörfum hvers nemanda. Hún á að efla áframhaldandi nám og þekkingaröflun út frá bakgrunni, fyrri reynslu, tungumáli og þekkingu nemandans.¹“

¹ Förrörðing (SKOLFS 2010:37) om läroplan för grundskolan, förskoleklassen och fritidshemmet, förrörðing (SKOLFS 2010: 250) om läroplan för specialskolan samt för förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall, förrörðing (SKOLFS 2010:251) om läroplan för sameskolan, förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall, samt förrörðing (SKOLFS 2010:255) om läroplan för grundsärskolan.

Stöðumatið

Stig 1 inniheldur:

- Kennsluleiðbeiningar
- Viðtals- og skráningargrunn
- Stöðumat einstaklings
- Viðauka 1 – listi yfir námsgreinar skólans
- Viðauka 2 – viðbótar viðtalsgrunnur fyrir nemendur með sérþarfir

Forsendur stöðumatsins

Tími fyrir viðtalið

Viðtalið er áætlað í mesta lagi 70 mínútur og er þar meðtalinn tími fyrir túlk. Laga þarf tímann að aldri nemandans, reynslu og getu.

Kennari með rétta þekkingu

Skólastjóri ákveður hvaða kennari er ábyrgur fyrir viðtalinu. Kennarinn getur framkvæmt viðtalið sjálfur eða með túlki. Sem ábyrgur framkvæmdaraðili leiðir þú viðtalið og skráir niðurstöður. Ef fleiri kennarar, ásamt túlki, taka þátt í viðtalinu tekur þú fram í upphafi þess hver hefur hvaða hlutverk.

Í Upplýsingum um túlkun og túlka eru leiðbeiningar fyrir þann sem framkvæmir viðtalið.

Kostur er að sá sem framkvæmir viðtalið sé sá kennari sem mun kenna nemandanum eftir matið. Á þann hátt getur kennarinn nýtt sér upplýsingarnar sem koma fram í viðtalinu til þess að undirbúa komandi kennslu.

Notið sterkasta tungumál nemandans

Æskilegt er að Stöðumatið fari fram á sterkasta tungumáli nemandans. Það getur verið móðurmál hans eða annað eða þriðja tungumál nemandans sem hann hefur lært að nota á eða utan heimilis.

Lesið frekar í Upplýsingar til skólastjóra og kennara um Stöðumat og mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna.

Gangið út frá þörfum og getu nemandans

Stöðumatið í Stigi 1 er það sama fyrir alla nemendur en viðtalið getur orðið mjög mismunandi eftir aldri nemenda. Yfirleitt er léttara fyrir eldri nemendur að tala um málnotkun sína og lærdóm. Fyrir suma nemendur getur verið erfitt að lýsa hvað þeim finnst um sitt nám og hvernig þeir læra.

Gangið út frá þörfum og hæfni nemandans. Sumar spurningar þarf kannski að umorða þannig að nemandinn skilji þær betur. Ef nemandinn á erfitt með að tjá sig munnlega getur hann fengið að svara skriflega.

Ef eitthvað kemur í veg fyrir að nemandinn geti tekið fullan þátt í viðtalinu er rétt að fresta því þar til þú hefur gert einhvers konar aðlaganir. Stöðvaðu viðtalið ef þér finnst nemandinn mjög stressaður eða þvingaður og haltu áfram síðar.

Nemandi án skólagöngu

Stundum munt þú hitta nemendur sem hafa enga eða mjög stutta skólagöngu að baki. Mundu þá eftir að gefa dæmi annars staðar frá til stuðnings fyrir nemandann. Hvetja þarf nemandann þegar hann segir frá hversdagslegum hlutum og taktu eftir hvaða hæfni hann sýnir í því samhengi.

Aðlögun fyrir nemendur með sérþarfir

Þú getur beint spurningunum til forráðamanna ef nemandinn er með þannig sérþarfir að það getur verið erfitt fyrir hann að svara spurningunum sjálfur. Í viðauka 2, *Viðtalsgrunnur – viðauki fyrir nemendur með sérþarfir*, eru spurningar sem geta verið við hæfi. Það gæti verið rétt að sérkennari framkvæmdi viðtalið eða tæki þátt í því.

Fleiri upplýsingar er að finna í *Aðlögun fyrir nemendur með sérþarfir*.

Viðtal við nemanda og forráðamann/-menn

Viðtalið er við nemandann og mögulega að hluta til forráðamanninn.² Þar eru til rannsóknir sem sýna að það getur verið gott að hafa forráðamann með í viðtalinu, hann getur gefið upplýsingar um nemandann og fengið almennar upplýsingar um skólann sem slíkan.³ Stöðumatsviðtalið gefur einnig möguleika á að ná góðu sambandi við nemandann og forráðamanninn. Þess vegna eru spurningar um væntingar þeirra til skólagöngunnar á Íslandi.

Ef forráðamaður er með í viðtalinu beinir þú spurningunum ætíð fyrst til nemandans. Þegar nemandinn segir hvers hann óskar getur forráðamaðurinn ef til vill gefið frekari upplýsingar. Stundum getur nemandanum fundist erfitt að segja það sem hann vill segja og segir frekar það sem hann heldur að forráðamaðurinn vildi segja og skólinn vilji heyra.

Framkvæmdin

Undirbúningur

Lesið í gegnum allt efnið. Gott er að allir sem koma að matinu fari í gegnum Stöðumatið saman til þess að fá heildstæða mynd af því.

Viðtals- og skráningargrunnur

Í viðtals- og skráningargrunninum eru upplýsingar fyrir nemandann og forráðamanninn ásamt fyrirmælum og spurningum um:

1. tungumál
2. fyrri skólagöngu
3. reynslu og áhugasvið
4. væntingar

² Begreppet vårdnadshavare används i detta material även för annan person, exem-pelvis god man, som ansvarar för att hålla kontakt mellan eleven och skolan. En god man kan inte bidra med information om elevens bakgrund och kunskaper men kan genom att närvara vid kartläggningssamtalet i stället få information så att hon eller han får goda förutsättningar att fungera som kontaktperson mellan eleven och skolan.

³ Bouakaz, L. och Bunar, N. Diagnos nyanländ. I: Bunar, N. Nyanlända och lärande – mottagande och inkludering (2015).

Hver spurningakafli samanstendur af fimm dálkum: spurningum til nemandans, hugsanlegum viðbótarspurningum, hlutum til að athuga, dálki fyrir þínar athugasemdir og dálki fyrir athugasemdir sem eru mikilvægar fyrir áframhaldandi undirbúning og ákvörðunartöku. Á meðan á viðtalinu stendur, þegar spurt er um fyrri skólagöngu nemandans, getur þú sagt frá íslensku skólakerfi, hvernig námi er háttað, hlutverki kennara og foreldra o.fl. Þá verður þetta meira eins og samtal frekar en bein upplýsingagjöf.

Spurningar til nemandans

Í fyrsta dálki eru grundvallarspurningar sem þú spyrð nemandann. Í næsta dálki eru viðbótarspurningar. Grundvallarspurningarnar eru opnar og gefa nemandanum tækifæri á að segja frá hugsunum sínum og reynslu. Viðbótarspurningarnar notar þú ef grundvallarspurningarnar gefa ekki nægar upplýsingar. Til dæmis þarf ekki að nota þann hluta þeirra sem fjallar um tungumál ef nemandinn kann bara eitt tungumál. Þú ræður því í hvaða röð þú spyrð spurninganna og það þarf heldur ekki að spyrja orðrétt eða allra spurninganna. Þitt hlutverk er að láta viðtalið fljóta og gefa endurgjöf við spurningar og svör nemandans. Það getur gert það að verkum að svör nemandans verða nákvæmari.

Stundum getur nemandinn þurft stuðning þinn sem stjórnanda viðtalsins til þess að svara spurningunum. Það getur verið gott að gefa bein dæmi úr hversdagsleikanum til að gera spurningarnar meira lifandi fyrir nemandann. Hugsaðu um hvað þú getur sagt í mismunandi köflum áður en þú hefur fyrirlögnina.

Á nokkrum stöðum í viðtals- og skráningargrunninum eru spurningar sem þú getur notað eftir þörfum fyrir forráðamanninn.

Athugið

Í þriðja dálknum er lýsing á því hvað mikilvægt er að skoða á meðan á viðtalinu stendur.

Svæði fyrir athugasemdir þínar

Í fjórða dálknum skrifar þú það sem þú tekur eftir og metur í svörum nemandans á meðan á viðtalinu stendur.

Undirbúningur og ákvörðun

Í fimmta dálknum skráir þú það sem getur verið mikilvægt við ákvarðanatöku og skipulagningu kennslunnar. Þú skrifar það sem þú metur að sé mikilvægt að komi fram í Stöðumati einstaklingsins.

Í lok viðtals- og skráningargrunns eru stuttar upplýsingar fyrir nemandann um Stig 2. Til þess að geta undirbúið þennan hluta Stöðumatsins þarf skólinn að vita á hvaða tungumáli nemandinn getur best tjáð þekkingu sína. Ef ekki hefur þegar komið fram hvert er sterkasta tungumál nemandans spyrðu um það þarna.

Spurningakaflar í viðtals- og skráningargrunni

1. Tungumál

Fyrsti kafli fjallar um tungumál nemandans. Nemandinn getur haft fleiri en eitt móðurmál en það er ekki alltaf móðurmál sem hann hefur notað í skóla. Án tillits til þess hversu mörg tungumál nemandinn kann getur það verið kostur í námi hans og nokkuð sem skólinn þarf að vera meðvitaður um í kennslunni.

Hafðu hugfast

- Reyndu að tala ekki um móðurmál og tungumál númer tvö í spurningum þínum við nemandann, þar sem þessi hugtök er erfitt að skilgreina. Spurðu frekar hvenær nemandinn hafi lært þessi tungumál, hvernig hann notar þau og hversu vel hann kunni þau. Út frá svári nemandans getur þú áætlað hvaða þýðingu hvert tungumál hefur fyrir hann.
- Athugið að hugtakið tungumál er einfalt að skýra. Nemandinn og forráðamaðurinn gætu gleymt að minnast á mállýsku sem þau tala og telst ekki eiginlegt tungumál. Annað dæmi er þegar móðurmálið er minnihlutatungumál sem þau upplifa sem minna metið, þar sem það er ekki opinbert tungumál heimalands þeirra. Hér gæti fjöltyngdur kennari (eða túlkurinn) haft þekkingu til að hjálpa nemanda og forráðamanni að skilja spurninguna um tungumálanotkunina á réttan hátt.
- Hafið einnig hugfast að nemandi getur í vissum kringumstæðum notað tungumál, eins og ensku, án þess að nefna það. Nemandinn gæti t.d. verið sérlega áhugasamur um tölvuleiki eða sjónvarpsþætti þar sem slíkt tungumál er notað og þá er mikilvægt að skólinn viti af því. Spurningar um tungumál þarf því stundum að endurtaka í öðrum köflum eftir svörum nemandans.
- Athugið að ástæðan fyrir fyrirlögn Stigs 1 er að ná fram eigin álitni nemandans á því hvaða tungumál hann kann og getur notað. Þú metur ekki þar hversu vel nemandinn nýtir tungumálið því það er gert í Stigi 2. Mikilvægt er í byrjun fyrirlagnar að það komi sterkt fram hvert sterkasta tungumál nemandans er svo að þekking hans komi sem best fram. Það þarf ekki endilega að vera sama tungumál og nemandinn hefur notað í fyrri skólagöngu. Ekki er alltaf hægt að gera Stöðumatið á því tungumáli sem nemandinn helst vill. Hér þarft þú, nemandinn og forráðamaðurinn í sameiningu að komast að því hvaða tungumál gefur nemandanum besta tækifærið til að standa sig vel.

2. Fyrri skólaganga

Spurningarnar um fyrri skólagöngu eru hugsaðar til að gefa mynd af skólareynslu nemandans í samræmi við aldur hans og í hvaða námsgreinum hann hefur fengið kennslu. Spurningarnar gefa einnig upplýsingar um kennsluhætti sem nemandinn hefur reynslu af, hvernig námið gekk fyrir sig og hvaða stöðu nemandinn hafði.⁴ Ef nemandinn hefur ekki gengið í skóla áður ferð þú beint í þriðja kafla.

3. Reynsla og áhugasvið

Þriðji spurningakafli gefur mynd af daglegu lífi nemandans, áhugamálum og þeim heimi sem hann lifði í. Tilgangur spurninganna er að komast að reynslu og þekkingu sem gæti nýst nemandanum í skólanum. Sérlega mikilvægt er að fá þessar upplýsingar fyrir þá nemendur sem ekki hafa gengið í skóla. Það getur verið eldamennska, nemandinn gæti hafa unnið í verslun, kunnað ensku eða eitthvert annað tungumál og túlkað fyrir fjölskylduna í vissum aðstæðum, spilað á hljóðfæri eða æft einhverja íþrótt.

Þekking nemanda á tölvum og snjallsímum getur nýst í kennslu við að auka áhugann og skila betra námi. Jafnvel tölvuleiki gæti verið fróðlegt að skoða, þar sem nemandinn gæti hafa styrkt enskukunnáttu sína með textum samhliða myndum.

⁴ Bouakaz, L. och Bunar, N. Diagnos nyanländ. I: Bunar, N. Nyanlända och lärande – mottagande och inkludering (2015).

Hafðu hugfast

- Vertu forvitinn og áhugasamur og sýndu að þekking nemandans sé dýrmæt. Nemandinn er ekki alltaf meðvitaður um að hann hafi lært eitthvað af reynslu sinni og þannig komið sér upp ákveðinni þekkingu. Gefið því nemanda jákvæða endurgjöf á það sem hann nefnir. Spyrjið viðbótarspurninga og hjálpið honum að tengja saman reynslu sína og þekkingu í ákveðnum námsþáttum þannig að nemandinn sé meðvitaður um mikilvægi þess.

4. Væntingar

Mikilvægt er að skilja væntingar og hugsanir nemandans um íslenskt skólakerfi. Þær geta verið mismunandi vegna ólíkrar reynslu í samfélaginu og skólanum. Fyrri skólareynsla getur einnig haft áhrif. Nemandi án fyrri skólagöngu getur gegnum frásagnir og lýsingar fjölskyldumeðlima, ættingja eða vina fengið ákveðnar hugmyndir og væntingar um íslenskt skólakerfi. Spurningarnar geta gefið mynd af hugmyndum nemandans um skólann og kennsluna þannig að þú sjáir hvað hann þarf að vita um skólavenjur hér. Ef þú þekkir til væntinga nemandans verður einnig léttara að undirbúa kennsluna þannig að hann upplifi sig sem þátttakanda frá byrjun.

Greining og mat

Farðu í gegnum athugasemdir þínar eins fljótt og þú getur eftir viðtalið og bættu því við sem þú náðir ekki að skrifa niður. Berðu athugasemdirnar saman við dálkinn *Undirbúningur og ákvörðun*. Dragðu ályktanir um stöðu nemandans með því að bera saman upplýsingarnar. Í greiningunni einbeitir þú þér að styrkleikum nemandans og möguleikum á framförum. Samantektina gerir þú í Stöðumati einstaklingsins í Stigi 1. Afhendið síðan skólastjóra sem samkvæmt venjum skólans tekur endanlega ákvörðun.

Stöðumat einstaklings Stig 1

Styrkleikar og möguleikar á framförum nemandans skulu koma fram í samantektinni. Skólastjóri ákveður hvaða stuðning nemandinn fær í upphafi á grunni þessara upplýsinga.

Stöðumatið í Stigi 2 byggir á Stigi 1. Taktu fram í Stöðumati einstaklingsins undir fyrirsögninni *fyrir komandi mat* hvaða tungumál, eitt eða fleiri, geti nýst í matinu í Stigi 2. Krossaðu einnig við hvaða viðtalsgrunnur er bestur fyrir viðkomandi út frá læsisreynslu og lesskilningi nemandans (leið A fyrir nemendur á byrjunarstigi í lestri og skrift eða leið B fyrir nemendur sem lesa og skrifa).

Athugaðu að Stig 1 er einn hluti af þremur í niðurstöðum um nemandann. Við ákvörðunartöku um framhaldið byggir skólastjóri á samræmdu mati frá Stigi 1 og 2.

Tungumálanotkun nemandans

Ef nemandinn getur tjáð sig á ensku getur hann notað ensku sem stuðning í námi og samskiptum við kennara og nemendur. Jafnvel sá nemandi sem ekki kann ensku en kann önnur tungumál og er vanur að nota þau getur nýtt sér það við að læra íslensku. Mikilvægt er að það komi fram í gögnum til skólastjóra.

Lýsing nemandans á tungumálanotkun sinni gefur einnig vísbendingar um hvaða tungumál geta komið til greina í móðurmálskennslu og námsráðgjöf á móðurmálinu. Ef nemandinn greinir frá því að hann hafi fengið kennslu í nýju tungumáli þarf að taka það með í dæmið og einnig hvaða tungumál nemandinn óskar eftir að læra.

Fyrri skólaganga nemandans

Svar nemandans um fyrri skólagöngu getur gefið vísbendingar um hver staða hans er og hvernig haga skuli námsáætlun. Nemandi sem hefur fengið sambærilega kennslu á við íslenska jafnaldrar gæti verið í stakk búinn að takast á við sömu viðfangsefni og jafnaldrar. Nemandi með enga eða stutta fyrri skólagöngu gæti þurft að fá grunn úr námsefni yngri árganga. Svör nemandans um hve margra ára kennslu hann hafi fengið í hinum ýmsu námsgreinum gefa einnig vísbendingar til undirbúnings kennslu í þeim námsgreinum. Einnig hversu mikinn stuðning nemandinn gæti þurft og hvernig skipta megi kennslustundafjölda milli námsgreina. Það fer eftir skipulagi og vinnulagi innan skólans hvaða lausnir eru í boði.

Reynsla, áhugasvið og væntingar nemandans

Önnur reynsla nemandans og væntingar í upphafi skiptir máli þegar viðfangsefni er valið. Nemandi sem hefur gengið í skóla og hlakkar til að halda áfram með jafnöldrum hefur væntanlega betri möguleika á að standa sig en sá sem þarf aðlagð efni.

Jafnvel sá nemandi sem hefur stutta eða óreglulega skólagöngu að baki getur haft þekkingu sem er dýrmæt fyrir áframhaldandi skólagöngu. Nemandinn gæti haft lífsreynslu sem gerir hann hæfan til að takast á við verkefni með jafnöldrum. Jafnvel í þessum tilfellum eru væntingar og áhugi mikilvæg og geta verið afgerandi fyrir nám nemandans.

Bætið við áhugasviðum og reynslu sem nemandinn hefur greint frá í samantektina að undirbúningi kennslunnar. Ef nemandinn þekkir námsefnið er léttara að læra það á nýju tungumáli.

Dæmi um stöðumat einstaklings

Svona er hægt að taka saman niðurstöður viðtals úr Stigi 1 og gera að Stöðumati einstaklings.

Dæmi:

Stöðumat einstaklings Tungumál og reynsla

Stig 1 2 3

Nafn nemandans: **Abed L**Fæðingardagur: **040404**Tungumál: **Arabíska**Dags. og kennari: **16-04-2015 L.A**

1. Tungumál

Móðurmál (einn eða fleiri krossar):

Tungu mál: **Arabíska**Talar Les Skrifar Fengið kennslu í Nei Já, árafjöldi: **4**

Tungumál:

 Nei Já, árafjöldi:

Önnur tungumál:

Tungu mál: **Enska**Talar Les Skrifar Fengið kennslu í Nei Já, árafjöldi: **4**

Tungumál:

 Nei Já, árafjöldi:

Aðrar athugasemdir:

Abed segir að hann lesi og skrifi „svólítið“ á ensku.

2. Fyrri skólaganga

Fjöldi ára í skóla: **4 ár**Land: **Sýrland** samfelld. Tími: **2010–2013** ósamfelld. Tími:

Aðaltungumál nemandans í skóla (eitt eða fleiri):

Arabíska

Stöðumat - Stig 1

Námsefni, fjöldi ára:

Líffræði 4 enska 4 heimilisfræði— íþróttir 4 stærðfræði 4 tónlist 4

eðlisfræði— efnafræði — trúabragðafraeði4 samfélagsfræði— smíði — textílmenn—
móðurmál 4

Hugsanlega aðrar námsgreinar (fjöldi ára):

.....

Aðrar athugasemdir:*

Abed hefur búið 1,5 ár í Grikklandi. Gekk ekki í skóla þar. Nemandanum finnst skemmtilegast í stærðfræði. Honum finnst líffræði svolítið erfið. Trúarbragðafraeði snýst mest um kristin fræði. Nemandanum finnst íslenska, stærðfræði og enska vera mikilvægustu námsgreinarnar til að byrja með

3. Reynsla og áhugasvið

Notar nemandinn stafræna tæki?

 Já Að hluta Nei

Reynsla og áhugasvið (sem nemandi getur nýtt í skólanum):

Notar tölvu til að ná í upplýsingar á netinu. Íþróttir: Abed spilar fótbolta

4. Væntingar

Hugmyndir nemandans um skólann og áætlanir fyrir framtíðina:

Abed sýnir mikinn áhuga á að byrja í skólanum – hann vill „byrja sem fyrst“. Abed vill verða verkfræðingur.

Áður en Stöðumat hefst:

Stig 2 - Læsi

Stig 2 - Talnaskilningur

Stöðumatstungumál: Arabíska

Stöðumatstungumál: Arabíska

Viðtals- og skráningargrunnur:

- A fyrir nemendur á byrjunarstigi lestrar og skriftar
 B fyrir nemendur sem lesa og skrifa

Aðrar mikilvægar upplýsingar fyrir framkvæmd Stigs 2:

.....

.....

Stöðumat - Stig 1

Grunnur að ákvarðanatöku um staðsetningu nemanda í námshópi og undirbúningur að kennslu:

Styrkleikar nemandans:

Regluleg skólaganga. Les og skrifar arabísku. Á byrjunarstigi í lestri og skrift á ensku. Notar stafræn tæki til að afla upplýsinga. Hefur fengið kennslu í nokkrum námsgreinum. Sterk námsgrein: Stærðfræði. Mikill áhugi fyrir skólagöngunni.

Það sem nemandinn þarf að bæta:

Hefur ekki fengið kennslu í öllum námsgreinum íslensks skólakerfis.

Kennarinn mælir með, útfrá styrkleikunum og því sem bæta þarf, að nemandinn fari í árgang með jafnöldrum:

- Já
 Nei, yngri
 Nei, eldri

Tillögur að stuðningi:

Ákveða það eftir stöðumatið í Stigi 2

